

Brýnið

*Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 30.
árgangur 2025*

Kæru félagar!

Félagsstarfið hjá okkur á síðasta ári 2024 blómstraði sem aldrei fyrr og er margt spennandi framundan hjá félaginu okkar. Vorsýningin okkar í fyrra var, að margra mati í sérflokki hvað glæsileik varðar. Félagið okkar mun fagna 30 ára afmæli á næsta ári 2026 og ber því að fagna með glæsilegri Afmælis-Vorsýningu félagsins. Meira um það síðar.

Við höldum Tréútskurðarnámskeið, með Svissneskum tréútskurðar kennara Markus Flüeck, haldið í aðstöðu Jóns Adólfs Steinólfssonar, 25. september – 1 október. Þetta var í heildina fimm daga námskeið og tóku alls 8 manns þátt í þessu frábæra námskeiði. Samdóma álit allra að vel hafi tekist til.

Hrefna Aradóttir var með Opið hús fyrir félagsmenn, 8. Febrúar 2025. Það var sérlega ánægjulegt að fá að heimsækja Hrefnu og fá að kynnast hennar listsköpun.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 8. Mars næstkomandi og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með nýju heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Hjörleifshöfða verkefnið

Félagar í Félag áhugamanna um tréskurð á Íslandi hafa einstakt tækifæri á því að taka þátt í einstökum og stórum menningarviðburði í Víkingagarðinum við Hjörleifshöfða með verkefnum tengt útskurði í tré og steini.

Eigendur ferðapjónustufyrirtækisins Viking Park Iceland eru þrír frumkvöðlar með skýra framtíðarsýn og sterkar rætur í Mýrdalshreppi. Hjá þeim er sérstök áhersla lögð á að kynna sögu svæðisins og landnáms Hjörleifs Hróðmarsson. Við fáum það verkefni að koma að uppbyggingu sérstakra verkþátta.



Smá saga um Hjörleif.

„Og sé ég svo hverjum verða, ef eigi vill blóta.“

Hjörleifur Hróðmarsson var fóstbróðir Ingólfs Arnarsonar sem er talinn fyrsti landnámsmaður Íslands.

Þeir Hjörleifur og Ingólfur eru sagðir hafa verið frændur, föðurfeður þeirra vora bræður sem yfirgáfu þelamörk fyrir víga sakir. Langafi þeirra var Hrómundur Gripsson, sögufrægur fornkappi. Synir hans voru Björnólfur, faðir Arnar föður



Ingólfs, og Hróaldur, faðir Hróðmars föður Hjörleifs. Systir Ingólfs Arnarsonar, Helga Arnardóttir, var síðan gift Hjörleifi.

Hjörleifur hét upphaflega Leifur. Í Landnámu segir svo: „en Leifur fór í hernað á Írlandi og fann þar jarðhús mikið; þar gekk hann í, og var myrkt, þar til er lýsti af sverði því, er maður hélt á. Leifur drap þann mann og tók sverðið og mikið fé af honum; síðan var hann kallaður Hjörleifur.“

Hjörleifur kom að sögn með Ingólfi til Íslands og hafði vetursetu við Hjörleifshöfða á Suðurlandi en var svo veginn af tveimur írskum þrælum er hann hafði tekið í víking á Bretlandseyjum. Drápu Írar húskarla Hjörleifs og tóku konur býlisins með sér til Vestmannaeyja (nefndar svo vegna atburðar þessa en íbúar Bretlandseyja voru jafnan kallaðir Vestmenn).


Ingólfur sinnti skyldum fóstbróður og fann Íra þessa í Vestmannaeyjum, sótti að þeim og drap en frelsaði konurnar. Hann hafði séð að bátinn vantaði og grunaði því að þeir hefðu farið til eyjanna.

Hjörleifur vildi ekki blóta, öfugt við Ingólf, og þegar Ingólfur sá lík hans sagði hann að svona færi fyrir þeim sem ekki vildi tilbiðja Þór: „Og sé ég svo hverjum verða, ef eigi vill blóta.“



Opið hús hjá Hrefnu

Hrefna Aradóttir var með Opið hús fyrir félagsmenn FÁT, 8. febrúar. Hrefna og eiginmaður hennar hafa byggt upp myndarlegt hús við húsið sitt, þar sem Hrefna nýtur sín við listræna sköpun, tálgar styttur og býr til skúlptúra og brúðuleikmuni. Sérhver hlutur fær hlutverk og fær að njóta sín. Það var sérlega ánægjulegt að fá að heimsækja Hrefnu og fá að kynnast hennar listsköpun.



Trélistalíf ýtt úr vör

Atli Rúnar Halldórsson gaf út bókina Trélistalíf eftir vorsýningu FÁT á árinu 2024. Þar er aðallega fjallað í máli og myndum um verk og viðhorf tréskurðafólks sumarið 2024.

Viðmælendur eru áhugamenn og konur sem skera út af ástríðu í frístundum sínum. Í bókinni er einnig að finna atvinnufólk í greininni, kennarar í myndskurði og allt þar á milli. Þá koma við sögu myndskurðarmenn sem kvatt hafa og litið er um öxl í sögu þessara merkilegu listgreinar sem nam land með frumbyggjum vorum.

Stofnun Wilhelms Beckmanns styrkti útgáfuna svo um munaði.

Svarfdælasýsl forlag gaf út, þ.e. Atli Rúnar og systkin hans frá Jarðbrú í Svarfaðardal.

Bókin er til sölu hjá Atla Rúnari og einnig er hún seld í Bókakaffinu í Ármúla í Reykjavík og á Selfossi.





30 ára afmæli 2026

Þrjátíu árum ber að fagna. Félag áhugamanna um tréskurð verður 30 ára á árinu 2026. Við ætlum að fagna afmælisárinu okkar með glæsilegri Vorsýningu á verkum félagsmanna. Meira um það síðar.

Um FÁT.

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

1. árg. 1. töl. apríl 1996

BRÝNIÐ - málagn okkar allra

Með þessu blaði hefur göngu sína málagn Félags Áhugamanna um tréskurð. Jafnframt er með útgáfunni náð einu af markmiðum félagsins, sem er útgáfa fréttablaðs.

Það þótti við hafi að gefa málagninu nafnið "BRÝNIÐ", og undirskrifa með því tvíþætta tilgang þess: Að miðla upplýsingum er varða tréskurð og hagsmuni áhugafólks um tréskurð, jafnframt því að brýna höndum og hvetja félaga og stjórn til dæða. BRÝNIÐ nýttist féluginu á svipaðan hátt og verkferi með sama nafni nýttist tréskeranum. Sé því heitt reglulega og af skynsemi og lagi gerir það verkð létt og auðvökt. Sé það ekki notað, dofna starfið og árangurinn verður lítil.

Hlutverk BRÝNISINS er fyrst og fremst að flytja fréttir og koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna um hvað er á dagskrá hjá féluginu og hvað um er að vera í þjóðlífinu sem tréskurðarfélag geti haft áhrög á.

Stefnt er að því að BRÝNIÐ komi út 6 sinnum á ári, eða einu sinni á tveggja mánaða fresti að jafnaði. Gert er ráð fyrir að BRÝNIÐ verði fjórðungið, en fróm áform eru um að gefa einu sinni á ári út veglegri útgáfu BRÝNISINS með greinum og frásögnum.

Félagsmenn eru hvattir til að skrifa til blaðsins, senda upplýsingar um nali er varða tréskurð og tréskurðarfélag. Heimilisfang BRÝNISINS er Pósthólf 409, 202 Kópavogur.

Dagskrá félagsins:

5. maí	Kynnisferð á Skóga
13. maí	Námskeið í forntekningu hefst
15. júní	Samsýning á vinnu félagsmanna
15. ágúst	Skiladagur fyrir samkeppni um merki félagsins

Fjölmennti á stofnfundi Félags Áhugamanna um Tréskurð



Evert Kr. Evertsson, nýkjörinn formaður, dvarpar fundarmenn á stofnfundi.

Stofnfundur Félags Áhugamanna um tréskurð var haldinn laugardaginn 2. mars á Scandic Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Yfir 90

manns, karla og konur á öllum aldri, mættu á stofnfundinn. Í stjórn félagsins voru kosnir Evert Kr. Evertsson, formaður, Jón Adólf Steinólfsson, Stefán H. Erlingsson, Vilhjálmur Siggeirsson og Sveinbjörn Kristjánsson, meðstjórnendur.

Á fundinum flutti Hannes Flosason, myndskurðarmeistari, ávarp þar sem hann fjallaði um tréskurð á Íslandi á síðustu áratugum. Kom m.a. fram í máli Hannesar að tréskurður hefur lifað góðu lífi meðal alþýðu fólks, þrátt fyrir að ýmsir fræðsmenn telji að tréskurður sem alþýðulíft hafi lagst af um síðustu aldamót. Hannes hefur kennt tréskurð í yfir tvo áratugi og skipta nemendur hans nú hundruðum.

Undirbúningur að stofnun félagsins hefur staðið yfir í nokkra mánuði. Fjöldi stofnfélaga sýnir að áhugi fyrir tréskurði er mikill.

Nýir félagar!

Um 90 félagar gengu í félagið á stofnfundinum á Scandic Hótel. Síðan hefur félagið fjölgað mikil og er félagatala farin að nálgast 200. Stofnfélagar teljast allir sem skrá sig í félagið fyrir fyrstu aðalfund þess sem haldinn verður í september n.k. Þeir sem ekki hafa þegar skráð sig í félagið geta gert það með því að tilkynna sig skriflega til formanns félagsins, Everts Kr. Evertssonar, Pósthólf 409, 202 Kópavogur, eða á faxi 567-0185.

FÉLAG ÁHUGMANNA UM TRÉSKURÐ VAR STOFNAÐ 1996. STOFNFUNDUR VAR HALDINN Á HÓTEL LOFTLEIÐUM Í REYKJAVÍK. Á FUNDINUM VORU 90 MANNS OG GENGU ALLIR Í FÉLAGIÐ. STRAX VARÐ MIKILL ÁHUGI OG VORU FÉLAGAR FLJÓTLEGA ORÐNIR UM 200 MANNS. FYRSTI FORMAÐUR FÉLAGSINS VAR EVERT KR. EVERTSSON.

Í UPPHAFI KOM Í LJÓS MIKILL ÁHUGI Á ÚTGÁFU FRÉTTABRÉFS SEM NEFNT VAR BRÝNIÐ. NAFNIÐ ÞÓTTI SPEGLA TVÍÞÆTTAN TILGANG. MIÐLUN UPPLÝSINGA ER VARÐA TRÉSKURÐ OG

HAGSMUNI SKURÐLISTAMANNA, EINNIG TIL AÐ "BRÝNA" LIÐSANDANN OG HVETJA FÉLAGSMENN TIL DÁÐA.

Myndin hérna fyrir ofan er af fyrstu útgáfu fréttablaðs FÁT í apríl 1996.

Félagið heldur einnig úti vefsíðunni www.treskurdur.is þar sem birtast fréttir af viðburðum og annað brýnt erindi og fróðleikur.





Dagskrá -2025

**Aðalfundur FÁT verður haldinn 8. mars 2025, kl 10:00 - 12:00 í
húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins
Nethyl 2e, 110 Reykjavík.**

**Vorsýning FÁT verður haldinn 26- 27. apríl 2025, kl 13:00 - 17:00
báða daganna í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins Nethyl 2e,
110 Reykjavík.**

**Sýnendur koma með verk sín inn í Nethyl 2e, föstudaginn 25. Apríl
milli klukkan 16:00 -18:00**

Mælum með að heimsækja nýju heimasíðu félagsins að:
www.treskurdur.is.

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130

